

Nefndasvið Alþingis
Vt. nefndarritari fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Varðar fjármálaáætlun 2018-2022, 402. mál, þingsályktunartillaga.

Faghópur ferðaþjónustu í Fjarðabyggðar mótmælir harðlega fyrirhugaðri virðisaukaskattshækkun á ferðaþjónustu af eftirtöldu ástæðum:

- **Styttir dvöl ferðamanna með hörmulegum afleiðingum fyrir margar landsbyggðir**
Ferðaþjónusta er sá vaxtarbroddur sem mestar vonir hafa verið bundnar við utan höfuðborgarsvæðisins. Enn frekari skattahækkunir, til viðbótar óhagstæðri gengisþróun síðustu missera, munu fyrirsjáanlega stytta dvöl ferðamanna og draga úr áhuga þeirra og getu til að ferðast um landið, með hörmulegum afleiðingum fyrir margar landsbyggðir, sér í lagi þau svæði sem eru fjærst aðalfluggátt þjóðarinnar á suðvestur horni landsins.
- **Heggur sá er hlífa skyldi í byggðamálum**
Vöxtur í ferðaþjónustu felur í sér stærstu almennu byggðaðgerð hér á landi frá stækkun landhelginnar í 200 sjómílu á árinu 1972, með uppbyggingu innviða, fjölbreyttari atvinnutækifærum og öflugari samfélagsþróun utan höfuðborgarsvæðisins. *Skekkist dreifing ferðamanna enn frekar en nú er, mun það ekki aðeins draga úr sjálfbærni atvinnugreinarinnar og arðsemi á heildina lítið, heldur einnig koma þungt niður á þeim landshlutum sem eru utan við 70 km radius frá suðvestur horni landsins.* Flest bendir því til að fyrirhuguð hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu komi verst niður þar sem síst skyldi. Óskandi væri að stjórnvöld bæru næmara skynbragð en raun ber vitni á afleiðingar aukinnar skattheimtu á ferðaþjónustu við núverandi aðstæður.
- **Svigrúm lítið sem ekkert til að mæta breyttum aðstæðum**
Ójöfn dreifing ferðamanna ógnar sjálfbærni ferðaþjónustu sem atvinnuvegar og má í flestum tilvikum rekja til þess að samgöngukerfi landsins er víða lélegt og óskilvirkt. Óvilji stjórnvalda til að endurskoða þýðingu og stöðu innanlandsflugs fyrir atvinnu- og samfélagsþróun þeirra landshluta sem fjærst eru höfuðborgarsvæðinu gerir jafnframt að verkum, að svigrúm ferðaþjónustunnar á Austurlandi er lítið sem ekkert til að mæta styttri dvalartíma ferðamanna. Þá stingur óneitanlega í augu, að flugfarþegum innanlands hefur ekki fjölgað sem neinu nemur þrátt fyrir þær veldishækkunir sem átt hafa sér stað á fjölda ferðamanna á undanförmum árum og þar með stórbættum markaðsforsendum innanlandsflugs. Hafa verður hugfast að með styttri dvalartíma mun umframeftirspurn eftir gistingu á dagleiðum frá suðvesturhorninu margfaldast. Flöskuhálsum á hringveginum mun þannig fjölga, sem mun aftur skekkja enn frekar dreifingu ferðamanna og um leið skilvirkni atvinnugreinarinnar í heild sem og arðsemi.

- **Ofurskattlagning á lítil fjölskyldufyrirtæki**

Ferðaþjónusta utan höfuðborgarsvæðisins er borin að langmestu leyti uppi af litlum eða örlytlum fyrirtækjum. Austurland er þar engin undantekning og hafa í flestum tilvikum lítil fjölskyldufyrirtæki verið að byggja sig upp. Óhagstæð gengisþróun hefur um hríð sorfið að rekstrargrunni þeirra og heita má ljóst að forsendur þeirra til að velta endurteknum virðisaukaskattshækkunum er minna en ekkert. Eins og framkvæmd fyrirhugaðri virðisaukaskattshækkun er háttað, er því í reynd stefnt að ofurskattlagningu lítilla ferðaþjónustufyrirtækja á landsbyggðinni.

- **Leikur að eldinum**

Svo virðist sem rök ríkisstjórnarinnar fyrir hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu snúi m.a. að mikilvægi þess að hægja á fjölgun ferðamanna og laga innviði að þörfum ferðaþjónustunnar sem mikilvægustu atvinnugreinar landsmanna m.t.t. til gjaldeyrisöflunar. Þá hefur ekki síður verið talið réttlætismál að ferðaþjónustan búi ekki við óeðlilegar undanþágur í skattmálum í samanburði við aðrar atvinnugreinar, s.s. sjávarútveg. Ólíkt sjávarútvegi og öðrum skyldum framleiðslugreinum, sem hafa á nýtt sér aukna sjálfvirkni til hagræðingar og fækkunar starfsfólks, byggir ferðaþjónusta á mannaflsrekum þjónustugreinum, sem eru margar hverjar enn nýjar af nálinni og veikburða hvað þekkingu, gæðamál og rekstur varðar. Á það ekki ekkert síður við um höfuðborgarsvæðið en landsbyggðina. Með fyrirhugaðri virðisaukaskattshækkun má því heita ljóst, að stjórnvöld beri litið skynbragð á því hvers konar atvinnugrein ferðaþjónusta er. Gangi sú þróun til baka sem styrkt hefur innviði ferðaþjónustunnar, með samdrætti og gjaldþrotum hjá smærri gistiadílum og fyrirtækja í afþreyingu hvers konar, má vissulega til sanns færa að því takmarki verði náð að fækka ferðamönnum hér á landi – en með hvaða kostnaði fyrir landsbyggðirnar og þjóðarbúið í heild? Á meðan slíkum grundvallarspurningum er ósvarað er með ólíkindum að ríkisstjórn landsins ráðist í jafn höggþunga og afdrifaríka aðgerð.

Faghópur í ferðaþjónustu er umræðu- og samstarfsvettvangur fyrirtækja og þjónustuaðila í Fjarðabyggð í gistingu, verslun, veitingum og annarri þjónustu sem ferðaþjónusta byggir á.

Að fagstarfi faghópsins hafa m.a. komið:

Austfjarðaleið, Brekkan, Café Sumarlína, Gallerí Snærós, Geskur, Gistihús Elínar Helgu, Mjóeyri ferðaþjónusta, Hildibrand Hotel, Hjá Marlín, Hótel Austur, Hótel Bjarg, Hótel Bláfell, Hótel Capitanó, Hótel Eskifjörður, Hótelíbúðir Eskifirði, Ívar Ingimarsson gistihúseigandi, Kaffihúsið á Eskifirði, Kirkjubær, Lostæti Austurlyst, Nesbær, Oddsskarð skíðamiðstöð, Saxa Guesthouse, Skorrastaður, Steinasafn Petru, Tanni Travel, Tónspil, Tærgesen veitinga- og gistihús o.fl.

F.h. Faghóps ferðaþjónustu í Fjarðabyggð,

Helga Gaðrún Jónasdóttir,
atvinnu- og þróunarstjóri Fjarðabyggðar

